EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-6015

Rekstraraðili Kaldvík hf. kt: 5204120930	**Tegund starfsemi** Grunnvatn	**Leyfisnúmer:** **Gildistími leyfis**
Starfsstöð Kelduhverfi, Innra Lóni	**Tegund eftirlits** Reglubundið eftirlit	**Dagsetning eftirlits** 18. maí 2026
Starfstöðvarnúmer: UOS-0154	**Eftirlitsmaður** Auður Eyberg Helgadóttir	**Útgáfudagur skýrslu** 18. nóvember 2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
Fjóla Guðjónsdóttir	Gæðastjóri
Halldór Yngvi Jónsson	Stöðvarstjóri

Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit kom fram eitt nýtt frávik er varðar að rekstraraðili hefur ekki gilt leyfi til nýtingar á grunnvatni.

Umfang eftirlits

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Borholur og nýtingarleyfi
2. Önnur mál

1. Borholur og nýtingarleyfi
   Nokkrar borholur eru á lóð rekstraraðila og þarf leyfi fyrir nýtingunni. Í ljósi þess að rekstraraðili hefur ekki leyfi til nýtingar á grunnvatni er skráð frávik þess efnis.

2. Önnur mál.
   Engin önnur mál voru bókuð.

Staða Frávika

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
6. gr. í lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum i jörðu	Frávik skráð: 18. maí 2026 Nýting auðlinda úr jörðu er háð leyfi Umhverfis- og orkustofnunar. *Rekstraraðili hefur ekki gilt leyfi til nýtingar á grunnvatni.*	Opið

Lagagrunnur eftirlits

Umhverfis- og orkustofnun annast eftirlit með leitar- og vinnslusvæðum, sbr. 1. mgr. 21. gr. l. nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Um vernd og eftirlit gilda einnig lög um náttúruvernd nr. 60/2013, sbr. XIII, kafli laganna.

Umhverfis- og orkustofnun annast veitingu rannsóknar- og nýtingarleyfa, sbr. 4. og 6. gr. l. nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Um veitingu og afturköllun leyfa fer skv. VIII. kafla laganna.

Umhverfis- og orkustofnun getur kallað eftir gögnum um nýtingu auðlinda. Leyfishafa er skylt að afhenda stofnuninni nauðsynleg gögn innan frests. Stofnuninni getur beitt dagsektum til að knýja á afhendingu gagna, sbr. 2. mgr. 21. gr. l. nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Athygli er vakin á að brot gegn lögum þessum getum varðað stjórnvaldssektum, sbr. 35. gr. l. nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.